



Þú ert hér: [Forsíða](#) / [Annað](#) / [Hvað er SpermVital?](#)

Annað nýtt

Annað

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2015

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2018

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2017

Hvað er SpermVital?

Hvernig á að nota SpermVital-sæði?

Ávinningur af notkun SpermVital

Nánari upplýsingar um SpermVital

Nautgripasæðingar 2016

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2014

Nautgripasæðingar 2015

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2013

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá sumar 2015

Hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2014

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ 2012

Nautgripasæðingar 2013

Nautgripasæðingar 2012-4

Nautgripasæðingar 2012-3

Nautgripasæðingar 2012-2

Nautgripasæðingar 2012-1

Hvað er SpermVital?

Hugmyndin á bak við SpermVital er sú að lengja líftíma sæðisfrumanna eftir sæðingu. Í því skyni er sæðisfrumunum „pakkað“ í náttúrulegt efni (gel) fyrir djúpfyrstingu þannig að hreyfing þeirra er takmörkuð eða nánast engin. Þetta hreyfingarleysi varðveitir orku og stýrir eða lengir losun sæðisfruma í leginu eftir sæðingu yfir tiltölulega langan tíma eða um tvo sólarhringa eftir sæðingu. Þetta minnkar mikilvægi tímasetningar sæðingar með tilliti til eggloss og eykur líkurnar á frjóvgun.

Ávinningur af notkun SpermVital liggur í:

Frystiaðferð sem lengir líftíma sæðis eftir sæðingu.

Tímasetning sæðingar er ekki eins vandasöm.


Fanghlutfall verður hærra hjá kúm sem eiga við frjósemisvandamál að etja.

Við samstillingu getur ein SpermVital-sæðing gefið svipað fanghlutfall og tvísæðing með hefðbundnu sæði.

Hægt er fækka tvísæðingum á hverju gangmáli.

Hefðbundin sæðingataeki og -tækni er notuð.

Fyrir bændur getur notkun SpermVital lækkað kostnað við sæðingar og bætt frjósemi, hvoru tveggja þættir sem leiða til aukinnar arðsemi. Stóri ávinningurinn liggur samt í því að koma kálfi í kýrnar á „réttum“ tíma. Sama má segja fyrir kynbótastarfið og sæðingastarfseminu í heild.



[PDF af þessari síðu](#)

Líkar þetta Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.



Búsnúmer Nautastöðvarinnar á Hesti er **2118411**



Nautastöðin, Huppa.is



Nautaskráin



Fréttir



Fyrir síma og spjaldtölvur

© Gögnin á nautaskra.net eru frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, www.rml.is, og Bændasamtökum Íslands, www.bondi.is
Persónuvernd